

AUGLÝSING**um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Hellu á Rangárvöllum.**

Samkvæmt ósk hreppsnefndar Rangárvallahrepps hefur skipulagsstjórn ríkisins 9. janúar 1991, fallist á og staðfest, sbr. 3. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964, þá breytingu á áður staðfestu aðalskipulagi fyrir Hellu á Rangárvöllum að áður ráðgert opið svæði við götuna Freyvang verður íbúðarhúsalóð.

Hreppsnefnd Rangárvallahrepps hefur samþykkt að bæta það tjón sem einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna samkvæmt 4. mgr. 19. gr. laga nr. 19/1964.

Umhverfisstjórnuneytið, 13. febrúar 1991.

F. h. r.
Páll Líndal.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

AUGLÝSING**um umferð í Reykjavík.**

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu borgarráðs hefur verið ákveðið bann við bifreiðastöðum við Brynjólfs götu, að því undanskildu að á einstefnukaflanum vestan Hótel Sögu verði leyfðar bifreiðastöður, þó hámark 30 mínútur í senn milli kl. 09 og 17 virka daga.

Ákvörðun þessi tekur gildi 20. mars 1991.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 20. febrúar 1991.

Böðvar Bragason.

AUGLÝSING**um umferð í Ólafsfirði.**

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu bæjarstjórnar Ólafsfjarðar hefur verið ákveðið að:

1. Bifreiðastöður verði bannaðar að sunnan við Strandgötu frá nr. 4 að 12.
2. Biðskylda verði af Hrannarbyggð á Ægisbyggð.
3. Biðskylda verði af Bylgjubýggð á Ægisbyggð.
4. Biðskylda verði af Hafnargötu á Strandgötu.
5. Biðskylda verði af heimreið að Hornbrekku á Ólafsfjarðarveg eystri.
6. Viðvörunarmerki „Börn“ verði sett upp á Ægisgötu við Gagnfræðaskóla.

Ákvörðun þessi tekur þegar gildi.

Lögreglustjórinn í Ólafsfirði, 19. febrúar 1991.

Kjartan Þorkelsson.